

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 231/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/698 frá 30. apríl 2019 um breytingu á III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/701 frá 5. apríl 2019 um að koma á skrá yfir sameiginleg heiti innihaldsefna til að nota við merkingar á snyrtivörum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/701 fellir úr gildi, frá 8. maí 2020, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum frá 8. maí 2020.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

XVI. kafli. II. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009):

„– **32019 R 0698**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/698 frá 30. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 119, 7.5.2019, bls. 66).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 13. lið (fellur brott):

„13a. **32019 D 0701**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/701 frá 5. apríl 2019 um að koma á skrá yfir sameiginleg heiti innihaldsefna til að nota við merkingar á snyrtivörum (Stjtið. ESB L 121, 8.5.2019, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 119, 7.5.2019, bls. 66.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 121, 8.5.2019, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 132, 1.6.1996, bls. 1.

3. Texti 10. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB) fellur brott frá 8. maí 2020.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/698 og ákvörðunar (ESB) 2018/701, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.